

FUNDARGERÐ

232. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 15. nóvember 2023 í gegn um teams

Mættir

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Stefán Haukur Grímsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Svifryk á Akureyri
3. Hamragerði 15 á Akureyri umgengni á lóð
4. Umsagnir
5. Útgefin starfsleyfi
6. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
7. Staðfestar skráningar
8. Útgáfa starfsleyfis fyrir Furu ehf., vegna móttöku og meðhöndlun á málmum og hjólbörðum til endurvinnslu
9. Útgáfa starfsleyfis fyrir Útgerðarfélag Akureyringa ehf., vegna heitloftspurrkunar fiskafurða á Laugum í Reykjadal
10. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits
11. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 231. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 20. september sl. Venju samkvæmt var m.a. rætt um svifryk og umferðarhávaða á Akureyri. Gögn úr loftgæðamælum sem Akureyrarbær setti upp í upphafi árs 2023 eru enn ekki aðgengileg á loftgæðavef Umhverfisstofnunnar. Vinnu við uppfærðar verklagsreglur gegn svifryki og uppfærða aðgerðaráætlun gegn umferðarhávaða er ekki lokið. Á fundinum var einnig fjallað um umgengni á lóðinni Hamragerði 15 á Akureyri, fjárhagsáætlun HNE vegna ársins 2024 var samþykkt, sem og viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði utandyra

2. Svifryk á Akureyri

Á fundi sínum þann 20. september sl. benti Heilbrigðisnefnd á að nú færi sá tími í hönd þar sem búast mætti við að styrkur svifsryks færi yfir viðmiðunarmörk. Því væri mikilvægt að ljúka uppsetningu á nýjum loftgæðamælum og endurskoðun verklagsreglna gegn svifryki sem allra fyrst.

Hvorugu þessara verkefna er lokið og nú í haust hefur styrkur svifryks ítrekað mælst yfir viðmiðunarmörkum. Vegagerðin hefur tekið yfir vetrarþjónustu þ.e. snjómokstur og hálkuvarnir á götum Vegagerðarinnar innan þéttbýlis á Akureyri en ekki liggur fyrir hvort aðgerðir til að draga úr svifryki séu þar á meðal. Samkvæmt frétt Ríkisútvarpsins þann 14. nóvember sl. mun Umhverfisstofnun ekki birta gögn úr loftgæðamælum sem settir voru upp í ársbyrjun þar sem stofnunin telur að mælarnir sýni of lág gildi og geti því gefið almenningi villandi upplýsingar.

Heilbrigðisnefnd átelur sinnuleysi bæjaryfirvalda á Akureyri gagnvart svifryksvandnum sem er verulegur og alvarlegur. Bent er á að þó haustið sé nýhafið hefur eini mælirinn sem er virkur nú þegar sýnt tölur yfir 500 µg/m³ sem er margfalt yfir því sem hægt er að telja eðlilegt og heilsusamlegt. Þetta er í raun óboðlegt ástand og mikilvægt að það sé tekið föstum tókum og ráðist gegn rótum vandans.

Tafir hafa orðið á endurskoðun verklagsreglna gegn svifryki og yfirtaka Vegagerðarinnar á vetrarþjónustu hefur aukið óvissu um hver ber ábyrgð á aðgerðum gegn svifryki s.s. hreinsun gatna á tilteknum svæðum. Margt bendir til þess að lofgæðamælar sem settir voru upp í ársbyrjun gagnist ekki til að mæla styrk svifryks og gögn úr þeim verða því ekki birt á loftgæðavef Umhverfisstofnunnar.

Heilbrigðisnefnd gerir þá kröfu að Akureyrarbær og Vegagerðin ljúki vinnu við verklagsreglur gegn svifryki og hefji vinnu samkvæmt þeim án frekari tafa. Jafnframt óskar nefndin eftir upplýsingum um til hvaða aðgerða Akureyrarbær hyggst grípa varðandi mælingar á svifryki í ljósi fréttu um að gögn úr nýlega uppsettum loftgæðamælum muni ekki verða birt á loftgæðavef Umhverfisstofnunnar.

3. Hamragerði 15 á Akureyri umgengni á lóð

Á 231. fundi Heilbrigðisnefndar þann 20. september sl. var samþykkt að veita lóðarhafa frest til 20. október sl. til þess að ljúka tiltekt lóðinni. Við skoðun á lóðinni þann 2. nóvember sl. var staðfest að tiltekt var ekki lokið.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að áminna lóðarhafa vegna brota á 1. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með síðari breytingum, vegna brots 1.mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Áminningin er veitt í samræmi við 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Jafnframt samþykkir nefndin að veita lóðarhafa lokafrest til 10. desember nk. til þess að ljúka tiltekt á lóðinni. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skal geyma á þar til gerðum stæðum. Verði ekki brugðist við á fullnægjandi hátt fyrir 10. desember nk. mun nefndin íhuga að beita dagsektum í samræmi við 1.mgr. 61. gr. laga nr.7/1998 þar til úr verður bætt.

4. Umsagnir

1. Breyting á Grunnvatnstöku á Peistareykjum
2. Deiliskipulag Hofstaða í Mývatnssveit
3. Endurskoðað aðalskipulag Norðurþings
4. Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit, skipulaglýsing vegna nýs deiliskipulags
5. Aðal-og deiliskipulagstillaga fyrir Espihól í Eyjafjarðarsveit
6. Stóri-Hamar Eyjafjarðarsveit, skipulaglýsing vegna breytingar á aðalskipulagi
7. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Grýtubakkahrepps, verslunar- og þjónustusvæði við Austurbakkaveg á Grenivík
8. Blöndulína3, matsskyldufyrirspurn
9. Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, skipulaglýsing vegna stækkunar á íbúðarsvæði við Jódísarstaði

5. Útgefin starfsleyfi

1. Mývatnsstofa ehf. kt. 710507-3170 leyfi til að halda bændamarkaði gildir 1.12. 2023 til 1.9. 2024.
2. Tryggvi Jóhannsson kt. 060469-4909, Hvassafelli, 605 Akureyri, vatnsveita vegna mjólkurframleiðslu
3. Árni Sigurlaugsson kt. 220959-3419, Ytri-Villingadalur, 605 Akureyri, vatnsveita vegna mjólkurframleiðslu
4. Siglo cabin ehf. kt. 580815-1620, Jónínuhagi 4, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
5. Áslaupur ehf. kt. 560322-0540, Hafnarstræti 81, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu.

6. Espihóll ehf. kt. 560621-1160, Espihóli, 605 Akureyri, vatnsveita vegna mjólkurframleiðslu
7. Yrkill ehf. kt. 580912-1250, Brekkugötu 13, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
8. Rækta Microfarm ehf. kt. 690823-1600, Eiðsvallagata 1, 600 Akureyri, ræktun á grænmeti og kryddplöntum
9. Sigurbjörg Sigfúsdóttir kt. 141264-5329, Bjarmastígur 4, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
10. Unnur Ósk Unnsteinsdóttir kt. 100782-5109, Hafnarstræti 100, 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
11. Óðinn Akureyri ehf. kt. 460422-1320, Ráðhústorg 3 (íbúð 201), 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu.
12. Óðinn Akureyri ehf. kt. 460422-1320, Ráðhústorg 3 (íbúð 202), 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
13. Óðinn Akureyri ehf. kt. 460422-1320, Ráðhústorg 3 (íbúð 301), 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
14. Óðinn Akureyri ehf. kt. 460422-1320, Ráðhústorg 3 (íbúð 401), 600 Akureyri, gististaður án veitingasölu
15. Heiða Margrét Fjölнисdóttir kt. 140590-3479, Hrísskógar 4, 605 Akureyri, gististaður án veitingasölu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
16. Wolt Enterprises Iceland ehf. kt. 640123-1170, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, flutningur matvæla frá veitingastöðum til neytenda. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
17. Sandhæð ehf. kt. 550109-1150, tímabundið starfsleyfi til rífa asbest að Hveravöllum 5, 641 Húsavík. Gildir til 1. febrúar 2024

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

6. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Hringrás ehf. kt 490195-2039, niðurrif Árna á Eyri ÞH 105
2. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, þrettándabrenna við Tungurétt í Svarfaðardal 6.1.2024
3. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, áramótabrenna á Árskógsströnd 31.12.2023
4. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089, áramótabrenna á Dalvík 31.12.2023
5. Björgunarsveitin Týr kt. 671290-2169, áramótabrenna á Svalbarðsströnd 31.12.2023
6. Björgunarsveitin Hafliði kt. 11281-0359, áramótabrenna við Bakkafjörð 31.12.223
7. Björgunarsveitin Hafliði kt. 11281-0359, áramótabrenna við Þórshöfn 31.12.223
8. Norðurþing kt. 640169-5599, þrettándabrenna í Kelduhverfi 6.1.2024
9. Norðurþing kt. 640169-5599, þrettándabrenna á Húsavík 6.1.2024
10. Norðurþing kt. 640169-5599, áramótabrenna á Húsvík 31.12.2023
11. Norðurþing kt. 640169-5599, áramótabrenna á Raufarhöfn 31.12.2023
12. Norðurþing kt. 640169-5599, áramótabrenna á Kópaskeri 31.12.2023
13. Hjálparsveit skáta Reykjadal kt. 590485-0479, áramótabrenna á Laugum 31.12.2023

14. Ungmennafélagið Smárinn kt. 541080-0239, þrettándabrenna við Laugaland 6.1.2024
15. Björgunarsveitin Stefán kt. 550979-0129, áramótabrenna í Mývatnssveit 31.12.2023

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars.

7. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. Marúlfur ehf. kt. 630113-0400, Ránarbraut 9-10, 630 Dalvík, fiskvinnsla
2. Módelhús ehf. kt. 490200-2580, Óseyri 1, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja
3. Tannklínikin ehf. 650823-2220, Hofsbót 4, 600 Akureyri, tannlæknastofa
4. Björgunarsveitin Týr kt. 671290-2169, flugeldasýning á Svalbarðseyri 31.12.2023
5. Norðurþing kt. 640169-5599, flugeldasýning á Húsavík 31.12.2023
6. Norðurþing kt. 640169-5599, flugeldasýning á Húsavík 6.1.2024

8. Útgáfa starfsleyfis fyrir Furu ehf., vegna móttöku og meðhöndlun á málmum og hjólbörðum til endurvinnslu

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 11. september sl. og gefin fjögurra vikna frestur til athugasemda í samræmi við kröfur sem fram koma í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ein athugasemd barst við starfsleyfistillöguna þar sem bent var á hættu á því að olía bærst í jarðveg þar sem plan athafnasvæðisins væri hvorki steypt né malbikað og einnig að ekki væri gerð krafa um að frárennsli væri tengt við olíuskilju.

Heilbrigðisnefnd bendir á að athafnasvæði Furu er malbikað. Þar sem planið er ekki tengt olíuskilju er gerð krafa í starfsleyfisskilyrðum um að óheimilt sé taka á móti úr sér gengnum ökutækjum nema þau hafi áður verið hreinsuð af olíu og spilliefnum sbr. 3. gr. I viðauka reglugerðar 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Einnig er í starfsleyfisskilyrðum gerð krafa um að þar sem hættu er á að fljótandi úrgangur eða olíuefni fari niður beri að hafa til staðar búnað til upphreinsunar. Að mati nefndarinnar eru hverfandi líkur á því að jarðvegur í grennd við athafnasvæði Furu mengist vegna starfseminnar, fari fyrirtækið eftir starfsleyfisskilyrðum.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita Furu ehf. starfsleyfi til 12 ára.

9. Útgáfa starfsleyfis fyrir Útgerðarfélag Akureyringa ehf., vegna heitloftspurrkunar fiskafurða á Laugum í Reykjadal

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 13. september sl. og gefin fjögurra vikna frestur til athugasemda í samræmi við kröfur sem fram koma í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Tólf aðilar sendu inn athugasemdir við tillöguna. Allir aðilar sem sendu inn athugasemdir gerðu athugasemdir við lykt sem berst frá starfseminni, einnig voru gerðar athugasemdir við hávaða, hreinsun frárennslisvatns, staðsetningu og fleira.

Heilbrigðisnefnd bendir á mikilvægi þess að allur atvinnurekstur sé í sem mestri sátt við nærumhverfi sitt. Að teknu tilliti til eðlis og fjölda þeirra athugasemda sem við tillöguna bárust leggur nefndin til að í starfsleyfi verði gerðar auknar kröfur til mengunarvarna og vöktunar umfram það sem gert var í auglýstri tillögu. Jafnframt að gildistími starfsleyfisins verði takmarkaður við eitt ár.

Starfsmönnum HNE falið að gefa út starfsleyfi í samræmi við ofangreint með gildistíma í eitt ár.

10. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits

Nýlega kom út skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Starfshópurinn var skipaður af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra. Verkefni hópsins var að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Niðurstaða hópsins var sú að leggja til að allt eftirlit flyttist frá sveitarfélögum til stofnanna ríkisins, Matvælastofnunnar og Umhverfisstofnunnar. Skýrsla starfshópsins ásamt bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi um efni hennar, lögð fram til kynningar

Lífleg umræða fór fram um skýrsluna og niðurstöður hennar. Samþykkt að halda umræðunni áfram á næsta fundi nefndarinnar.

11. Önnur mál

Rætt um númerslausa bíla inn á einkalóðum

Næsti fundur er áætlaður á Húsavík miðvikudaginn 13. desember nk.

Fundi slitið kl. 14:10

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson